

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. maí 2010

Umsögn Ákærendafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um embætti sérstaks saksóknara og lögum um meðferð sakamála, með síðari breytingum, 511. mál.

Í 1. gr. frumvarpsins er gerð tillaga að breytingu á skilgreiningu á verkefnum embættis sérstaks saksóknara, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 135/2008.

Ákærendafélagið tekur undir að núverandi skilgreining á verkefnum sérstaks saksóknara er ófullnægjandi og til þess fallin að skapa hættu á frávísun mála frá dómi. Getur þetta átt við um hvort sem er mál sem efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjórans eða sérstakur saksóknari höfða, ef dómstólar meta það svo að annað hvort embættið gangi inn á verksvið hins. Verður að líta svo á að með stofnun sérstaks saksóknara hafi hluti af þeim verkefnum sem annars ættu undir efnahagsbrotadeild verið tekin undan valdsviði hennar og flutt til sérstaks saksóknara og verksvið þess síðartalda sé takmarkað við skilgreiningu 1. mgr. 1. gr. laganna um embætti sérstaks saksóknara. Líklega hefði verið betra að kveða ekki með svo skýrum hætti á um verkefni sérstaks saksóknara heldur veita dómsmálaráðherra umboð til að skipa þeim með reglugerð.

Undanfari þeirra breytinga sem nú eru lagðar til með frumvarpi þessu eru bréfaskriftir milli undirritaðs saksóknara efnahagsbrota, yfirmanns efnahagsbrotadeildar, og Björns Bergssonar setts ríkissaksóknara og síðari ábending undirritaðs til Valtýs Sigurðssonar ríkissaksóknara um þessa óvissu sem uppi er. Taldi undirritaður að nauðsynlegt væri að leysa úr spurningum um skýringu 1. gr. laga nr. 135/2008 áður en óljóst orðalag hennar leiddi til frávísana í sakamálum. Þarf ekki að tífunda ásókn dómara á liðnum árum í að nýta alla möguleika sem finnast til frávísana flókinna og þungra efnahagsbrotamála. Þetta er ætti flestum að vera kunnugt og gefur sterk fyrirheit um að slík tækifæri verði notuð eins og efni eru til eftir leiðis sem hingað til.

Á liðnu ári var nokkuð rætt um að sameina bæri efnahagsbrotadeild og embætti sérstaks saksóknara. Undirritaður hefur lýst þeirri skoðun sinni opinberlega auk dómsmálaráðherra og ríkislögreglustjóra. Reyndar hefur hann gengið lengra en svo og



Ákærendafélag
Íslands

lagðist gegn því að þessum aðskilnaði yrði komið á, þegar Alþingi hafði til umfjöllunar frumvarp að lögum nr. 135/2008. Af þessu hefur ekki orðið en forsætisráðherra hefur boðað áframhaldandi og umfangsmiklar sameiningar stofnana og hlýtur þessi sameining að koma til skoðunar fyrr en seinna. Það er álit ákærendafélagsins að réttara sé að hraða sameiningu efnahagsbrotadeildar og sérstaks saksóknara í stað þess að glíma við að tryggja aðskilnað verkefna eins og verið er að gera með frumvarpi þessu. Fyrir því eru mörg góð rök en fá á móti. Ástæðulaust er að rekja þau frekar í þessu samhengi en hlýtur að vera öllum ljóst sem sjá vilja að starfskröftum lögreglu og ákærvalds, sem eru af skornum skammti, er illa varið með því að reka tvö embætti sem sinna samskonar verkefnum.

Athugasemdir.

Um 1. mgr. 1. gr.

Orðalag 1. mgr. 1. gr. eins og tillaga 1. gr. frumvarpsins gengur út frá er allt of víðtækt. Ef það er skýrt eftir orðalagi sínu og að teknu tilliti til 2. mgr. 1. gr. laga nr. 135/2008, rannsakar sérstakur saksóknari mál allra þeirra sem átt hafa hlutbréf, stofnfjárhluti, farið með atkvæðarétt í, eða stjórnað, starfað fyrir og hjá eða komið að starfsemi fjármálafyrirtækja ef brotin teljast efnahags-, auðgunar- eða skattabrot. Orðalag ákvæðisins má skýra svo að sérstakur saksóknari eigi að annast rannsókn og ákærumeðferð allra efnahags-, auðgunar- og skattalagabrota sem þeir kunna að fremja sem áttu hlutbréf í fjármálafyrirtæki burt séð frá því hvort viðkomandi eða brot hans hafi nokkur önnur tengsl við fyrirtækið.

Um 3. málslíð 1. mgr. 2. gr.

Ákvæði 2. gr. er mjög til bóta enda hefur skort á formlegt vald innan ákærvaldsins til að skera úr um hvar mál eiga að fá meðferð. Í 5. mgr. 2. gr. laga nr. 135/2008, er ríkissaksóknara veitt heimild til að ákveða að mál skuli rannsökuð af öðrum en meginreglan í 1. mgr. 1. gr. gerir ráð fyrir.

Að öðru leyti sæta ákvæði frumvarpsins ekki athugasemdum.

Virðingarfyllst,

Helgi Magnús Gunnarsson formaður